

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 264/2023

frá 27. október 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2400 frá 23. nóvember 2022 um breytingu á IV. og V. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1021 um þrávirk, lífræn mengunarefni ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 12w (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 R 2400**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2400 frá 23. nóvember 2022 (Stjtið. ESB L 317, 9.12.2022, bls. 24).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2022/2400, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 317, 9.12.2022, bls. 24.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 27. október 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður